

Í pistlum Úr penna stjórnarmanna Lí birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.

Þegar flæðið ræður för

Guðrún Dóra Bjarnadóttir

geðlæknir

gudrundb@landspitali.is



Aldrei bjóst ég við því, nýútskrifaður læknir og blaut á bak við eyrun, að orðin „flæði“ og „plássastaða“ yrðu svo fyrirferðarmikil í framtíðarstarfi mínu. En raunin er sú að daglega eru bæði „macro“ og „micro“ fundir um plássastöðu innan veggja spítalans. Flest starfsfólk man ekki þá tíð þegar Landspítali var ekki á óvissu-stigi – hvað svo sem það þýðir. Laust rúm á deild í meira en tvo tíma er jafnvel orðið þjóðsagnakennt fyrirbæri eins og skuggabaldur. Starfsfólk er sett í þá ómögulegu stöðu að velja hver þarf mest á dýrmætu plássi halda og útskrifa þann sem er minnst veikur. Sumir lenda á gangi og aðrir í kompum en þeir allra heppnustu fá einstaklingsherbergi. Í hreinskilni sagt er vinningur í Víkingalottói líklegri. Svona ganga dagarnir – upplifun starfsfólks að einungis þurfi að gera rétt svo nægilega mikið til þess að viðkomandi sé útskriftar-fær og vonast síðan til að þetta reddist. Fyrirframreiknaðar formúlur hversu lengi viðkomandi *má liggja inni* eftir ákveðna aðgerð eða meðferð. Verst að veikindi og sjúkdómar fara bara ekki alltaf eftir formúlunni og þá stöðvast tannhjólíð.

Staðreyndin er sú að leguplássum á Landspítala hefur fækkað um 165 frá árinu 2007. Stundum þurfa einstaklingar á innlögn að halda í öruggu umhverfi, þrátt fyrir að búið sé að styrkja heimahjúkrun og göngudeildir – hvað sem því líður þarf að útskrifa – prógrammið þarf að ganga. Örvæntingarfullir aðstandendur sem hvorki hafa skilning né þekkingu á sjúkdómum og meðferð þeirra – hvað þá kerfinu – eru settir í ömurlegar aðstæður við að koma hinum veika á milli Heródesar og Pílatúsar – allir vísa á næsta. Tíminn með sjúklingum er þannig oft naumt skammtaður. Það vantar bara gamla góða píptestið – pípið inn á stofurnar til að halda okkur innan tímarammans. Tilfinn-

ingin er að pípið komi alltaf rétt áður en við náum línunni og ventólínið er löngu hætt að virka. Raunveruleikinn er sá að daglega sinna lækna mörögum „póstum“ samtímis – vaktinni, ráðgjöf og legu- og göngudeildum. Togarasteikin er gleypst fyrir framan tölvuna á meðan lyfseðlar eru sendir rafrænt – *öll lyf á lyfseðlinum verða að innihalda ábendingu*. Erum við orðin of meðvirk kerfinu? Er núverandi ástand ásættanlegt eða raunsætt? Eða þurfum við bara að *leana meira – leana betur* (straumlínustjórna) allt í þágu framleiðni? Íslensk könnun meðal lækna árið 2018 leiddi í ljós að um 65% af 700 læknum upplifa streitu og að þeir séu undir of miklu álagi, þar að auki höfðu 35% íhugað að hætta störfum vegna álags. Tæplega 60% greina frá verulegum skorti á að geta uppfyllt kröfur eða vinna í tímaþróng (Ævarsson ÓP. Íslenski læknirinn: Könnun á líðan og starfsaðstæðum. Læknafélag Íslands. 2019, óbirt könnun). Fagmennskan líður fyrir flæðisvanda heilbrigðiskerfisins. Flæðið er í forgangi eitt.


Mannlegi þáttur starfsins fer þværandi. Mannlega elementíð, ástæða þess að flest

okkar fóru í fagið – viljann til að lækna og líkna. Það er hins vegar sjaldan talað um hversu mörgum Landspítali kemur aftur á fætur og út á vinnumarkaðinn til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Góð heilbrigðisþjónusta kostar vissulega sitt en hún borgar jafnframt vel til baka. Það er nú víst þannig að maður fær það sem maður greiðir fyrir.

Flæðið er harður húsbóndi. Það trompar þarfir sjúklings þrátt fyrir að þær séu settar í öndvegi í hinum góða þríhyrningi á starfsmannatölvunni. Hann er hægt að sýna og vísa í á tyllidögum.

Það dýrmætasta sem heilbrigðiskerfið á er mannaúdurinn og í hann þurfum við að halda. Heilbrigðisstarfsmennirnir sem vinna baki brotnu við að hjúkra og lækna. Þvílík fagmennska, þvílíkur fitonskraftur sem maður verður vitni að á hverjum degi. Við vinnum kannski aldrei Júróvisjón en við eigum frábæra heilbrigðisstarfsmenn, fagfólk á heimsmælikvarða sem stendur vaktina allan sólarhringinn – allan ársins hring.

Það væri óskandi að við bærum gæfu til að hætta að setja flæði í forgrunn fremur en velferð þjóðar.



Stjórn Læknafélags Íslands
Reynir Arngrímsson formaður

FAL
Berglind Bergmann
Indriði Einar Reynisson

FÍH
Salóme Ásta Arnardóttir
Jörundur Kristinsson

FSL
María I. Gunnbjörnsdóttir
Guðrún Dóra Bjarnadóttir

LR
Þórarinn Guðnason
Alma Gunnarsdóttir